

9

Konur á Kjarvalsstöðum



■ Um þessar mundir er ekki hægt að kvarta yfir því að ungar myndlistarkonur læðist með veggjum. Af fjórtán ungum myndlistarmönnum sem sýna núna á Kjarvalsstöðum eru þrettán konur. Níu þeirra sýna saman í vestursalnum. Þær hafa upp til hópa verið við nám í hinum og þessum útlöndum undanfarin ár eftir að hafa stundað myndlistarnám hér heima. Rétt fyrir síðustu helgi voru þær að koma verkunum sínum fyrir í salnum, allar nema Guðný Björk Richard sem var á ferðalagi með Svörtu og sykurlausu og Erla Þórarinsdóttir sem býr í Stokkholmi.

Steinunn Þórarinsdóttir stundaði nám í Englandi og á Ítalíu og er með tvo skúlptúra á sýningunni unna í járn, tré og svolítið af steinsteypu.

Þessir tveir skúlptúrar eru ekki eins efniskendir og þeir sem þú varst með á sýningunni þinni í Listmunahúsinu í vor. Ertu á leið út úr efninu nú þegar allir aðrir einbeita sér að því?

Það hefur verið viss léttir fyrir mig að vinna með járn að undanförunni því ég get unnið hraðar í það en til dæmis leir eða gler. Vinnuferlið í leirnum er miklu flóknara en í járninu. Járnid er efni sem ég er að bæta við mig, en ekki til þess að afskrifa þau efni sem ég hef unnið með áður, heldur til að hafa möguleika á sem fjölbreyttastri tækni.

Eru þessir járnskúlptúrar einfaldari útfærslur á skissunum þínum en fyrri verk þín?

Yfirleitt skissa ég einungis með línunum þannig að að því leyti standa þessir skúlptúrar mjög nálægt skissunum mínum, en ég hugsaði þá ekki upphaflega sem beina útfærslu á skissunum mínum í járn.

Björg Örvar nam tvo síðastliðna vetur myndlist í Kaliforníu og sýnir málverk sem öll eru máluð á þessu ári.

Eru þessar myndir málaðar í Kaliforníunni sem aldrei rignir í?

Þær eru málaðar frá í febrúar og þar til nú bæði úti og hér heima. Ég vann aðallega í skólanum við að gera múnóþrykk, málaði á sinkplötur sem ég setti svo gegnum pressu. Þegar heim kom fór ég að mála stærri myndir og nota litina á annan hátt. Það er svo dýrðlegt að upplifa íslenska náttúru eftir að hafa verið lengi erlendis. Sérlega ef maður hefur verið hálf frá af heimþrá eins og ég var.

Á stærstu myndinni þinni er risavaxin manneskja með höfuðið í lúkunum og hjá henni syndir marbendill. Er þetta myndefni úr þjóðsögum?

Myndin heitir Marbendill í sjávarháská. Þótt marbendlar séu að sjálfsgöðu úr þjóðsögum þá held ég að sjálft landið hafi meiri áhrif á hvað ég mála en þjóðsögur.

Ferðu aftur út í haust?

Nei. Hér verð ég sko um alla framtíð!

Sóley Eiríksdóttir sýnir það sem kallast mundi á einföldu alþýðumáli **Leirhausar**, en faglóttar nefna keramik skúlptúra. Þetta eru hausar sem eru stærri en hausar gerast og ganga á lifandi fólki og eru allt frá því að vera harðlínu geometríu til þess að vera fantasufullir hausar með mjúkum formum.

Er þetta fólk sem þú þekkir?

Grunnhugmyndin að hverjum haus er kannski visst andrúmsloft umhverfis fólk sem er í kringum mig, en þeir eru ekki byggðir á andlitsfalli eins eða neins. Þetta er fólk sem ég skemmti mér við að skapa og ég hlæ oft dátt inn í mér yfir því hvernig ég fer með það. Sérðu þessa konu með sveigða krókinn yfir höfðinu? Mér fannst hún bara taka sig mjög vel út með krókinn en svo kemur fólk og segir „Er þetta kona á skautbúningi?“ og ég verð heldur betur hissa því sú hugmynd var fjarri mér. En það er öllum frjálst að lesa það sem þeir vilja inn í hausana mína.

Nú eru vissir hlutir í verkunum þínum algengir sem tákni, til dæmis píramítinn sem þú gerir að haus þannig að ofarlega er alltaf auga. Er þetta hið alvitra og alsjáandi auga?

Nei, þessir hausar eru þrívíðar útfærslur á myndunum sem ég málaði áður á keramikskálum og það að augað sé svona staðsett á þessum haus er meira tilviljun en að ég sé að nota það sem tákni.

Harpa Björnsdóttir stundaði nám á Íslandi og bjó um tíma í Danmörku og á Írlandi. Hún er með myndir sem málaðar eru með sikkilþrykkslitum og bleki á pappír, allar á þessu ári.

Hvernig vinnur þú þessar myndir?

Ég byrjaði með því að setja litinn tilviljunarkennt á pappírinn og bæði málaði með honum og skóf. Síðan fór ég að leita að mynd í litunum og teiknaði þá með bleki það sem mér fannst ég sjá í litunum.

Er þetta leið til að virkja dulvitundina?

Ætli ég sé ekki meira að reyna að nota tilviljunina sem ráðandi þátt í myndgerðinni.

Eru þessi forskrifuðu vinnubrögð arfar frá þeim tíma sem þú vannst mest í hugmyndalist?

Nei, ég held ekki. Þegar svona vinnubrögð eru notuð er lokapunkturinn að velja og hafna miklu mikilvægari en ef ég mundi nota yfirvegaðri vinnuátt frá byrjun. Þessar myndir hér á sýningunni eru þær sem mér finnst bestar af því sem ég hef gert á þessu ári.

Sumar myndanna hafa verulega göðsögulegt yfirbragð. Þarna er maður með reður sem líkist engu meira en svanshöfði. Er Leda einhvers staðar nálæg?

Upphaflega gerði ég þessa mynd undir áhrifum af ljóði sem ég las eftir Snorra Hjartarson. Ég hef notað svanshöfðið víðar í öðrum myndum.

Jóhanna Kristín Yngvadóttir nam í fjögur ár í Hollandi og er með málverk á sýningunni.

Ofboðslega eru þetta dökkar myndir! Þarna er svartklæddur maður með höfuðið í drungalegum skjónum.

Hann er ekkert með höfuðið í skjónum, hann situr í forsælu!

Þegar betur er að gæð er eins og þú hafir sumsstaðar málað yfir skærari liti, þarna glittir í rautt og órans eins og glóðir undir ösku.

Það getur vel verið. **Málar þú aldrei hjartari myndir?**

Jú en þær seljast alltaf strax.

Nú verður þú á suður Ítalíu í vetur. Heldur þú að myndirnar þínar verði þá ekki hjartari?

Nei því stemmningin í myndunum mínum fer eingöngu eftir mér en ekki umhverfinu.

• **Ásta Ríkhardsdóttir** stundaði nám í Hollandi og núna seinustu árin í New York borg og þangað fer hún aftur í haust. Hún er með fimm málverk á sýningunni, öll frá þessu ári.

Á stærstu myndinni þinni er hópur fólks og virðast þrjár manneskjur á góðri leið með að breytast í hesta og naut. Finnst þér fólk svona dýrslegt eða ertu undir áhrifum frá félagi Jung?

Ég er nú ekki mjög meðvitund um arkítýpísk fyrirbæri. Þessir hausar komu bara hjá mér í vinnunni.

Hvernig finnst þér að stunda myndlistarnám í New York borg?

Æðislegt. Myndlistarnám felst ekki minnst í því að skoða myndir eftir aðra og það er alltaf ofboðslegt framboð á góðum myndum til að skoða í New York. Ekki bara myndir eftir Bandaríkjamenn heldur heimlistin eins og hún leggur sig.

Ragna Steinunn Ingadóttir hefur stundað nám seinustu þrjú árin á Ítalíu og sýnir málverk og teikningar á pappír.

Myndirnar eru allar af nöktu fólki í frekar kynsandi stellingum. Er þessar myndir hugsadar sem erótískar?

Myndir sem eru gerðar til að vera erótískar eru það sjaldnast.

Hvernig var að vera á Ítalíu?

Gott. Það er svo mikið að sjá því þarna er gömul menningarhefð sem er áhugavekjandi og líka mikið um að vera í samtímalist. Ég mála aðallega mannlíkamann og þegar ég kom fyrst til Ítalíu var ég mest í að mála karlmenn.

Eru Ítalarnir svona sjarmerandi?

Já til að byrja með. Þeir dekra við konur, opna hurðir og slá gullhamra í gríð og erg. En þegar kemur að nánari kynnum þá vilja þau fara fyrir lítið.

Eiga þeir ekki konur að félögum?

Nei, ítalskir karlmenn eiga sko ekki konur sem félag því þeir líta á konur sem sér óæðri og eru jafnvel hræddir við þær.

Ætli það sé ekki kapólskunnig að kenna?

Vafalaust. Karlar byggja veldi sitt í samfélaginu mikið á veldi kirkjunnar. Konur eru hvergi ofarlega í valdapírarníta kapólsku kirkjunnar.

Gerðu ítalskir karlmenn þig að feminista?

Ég hef alltaf verið feministi. **Eru ekki allir ítalskir myndlistarnemar að kópiera Sandro Chia, Clemente eða Cucchi núna?**

Nei, C-in þrjú eru mest lítið á Ítalíu. Chia og Clemente búa löngum á Manhattan. Það sem hæst ber í Róm núna er hópur málara sem hafa breytt pasta-fabrikku í vinnustofur og nefnist staðurinn San Lorenzo. Þótt Róm sé stór þá er myndlistarheimurinn þar ekki víðfemari en svo að það er möguleiki að kynnast flestum myndlistarmönnum þar. Ég kom þarna í San Lorenzo og fannst inspirerandi að sjá hvað var að gerast þar.

Svala Sigurleifsdóttir